

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð 969/2011 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar eyrnamerki, vegabréf og jarðabækur.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2018, frá 31. maí 2018, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/949 frá 2. júní 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar samsetningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, frá 28. júní 2018, bls. 135.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í viðauka framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2017/949:

Ísland	IS	352
Noregur	NO	578

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr. og 30. gr. a – 30. gr. e laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 13. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. nóvember 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.